

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2013

Alexander Elís Ebenesersson var dúx Verzlunarskóla Íslands í vor. Hann hlaut viðurkenningar fyrir frammistöðu sína, m.a. í ensku og spænsku. Alexander stofnaði ásamt skólafélögum sínum fyrirtæki á lokaönn sinni í Verzlunarskólanum sem selur heilsubrúsa. Alexander hyggur á nám í eðlisfræði í haust.

Andri Oddur Steinarsson brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri fyrr í vikunni. Hann tók virkan þátt í félagslífinu í MA og stofnaði ásamt vinum sínum myndbanda- og sketsafélagið AMMA við skólann en það vann að gamanefni fyrir skemmtanir í skólanum. Andri Oddur stefnir á nám í lækisfræði í haust.

Anna Rut Arnardóttir brautskráðist frá Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi um síðustu áramót og var þá dúx skólans. Anna Rut hefur lagt stund á fiðlunám síðastliðin tólf ár og stefnir að því að ljúka burtfararprófi næsta vor. Anna Rut hyggur á nám í vélaverkfræði í haust.

Arna Rut Emilsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut verðlaun fyrir góðan námsárangur í fjölmörgum greinum. Hún lauk nýverið framhaldsprófi í píanóleik frá Nýja tónlistarskólanum og hefur einnig sungið með kór Menntaskólans í Reykjavík ásamt því að starfa fyrir Ljósmyndarafélag Menntaskólans í Reykjavík. Arna stefnir á nám í lækisfræði í haust.

Arnar Snær Ágústsson brautskráðist frá Menntaskólanum að Laugarvatni í vor og var dúx skólans. Hann hefur lagt stund á frjálssar íþróttir samhliða námi og á að baki Íslands-, héraðs- og unglíngalandsmótstitla í lang- og þrístökki og 60 og 100 metra hlaupi. Arnar hyggur á nám í lækisfræði í haust.

Árni Björn Höskuldsson útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2012. Hann var í liði Íslands sem tók þátt í Ólympíuleikunum í efnafræði í fyrra. Árni hefur auk þess stundað knattspyrnu með FH frá barnsaldri og lokið miðprófi í píanóleik. Árni tók sér árshlé frá námi eftir stúdentspróf og ferðaðist um heiminn en hyggur á nám í efnafræði í haust.

Ásdís Sæmundsdóttir lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hlaut m.a. verðlaun fyrir góða frammistöðu í íslensku, tungumálum og listgreinum. Ásdís hefur lagt stund á djassballett frá sjö ára aldri og söng með skólakór Verzlunarskólans í vetur. Þá dvaldist hún sem skiptinemi í Nashville í Bandaríkjunum einn vetur. Ásdís hyggst leggja stund á iðnaðar- og vélaverkfræði í haust.

Birna Helga Jóhannesdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir síðustu jól eftir einungis fimm anna nám. Hún var dúx skólans og hlaut viðurkenningar í öllum þeim greinum sem verðlaun voru veitt fyrir. Birna er á nítjándra ári og hefur lagt stund á knattspyrnu og dans ásamt því að hafa stundað hljóðfæranám. Birna stefnir á nám í stærðfræði í haust.

Birta Bæringsdóttir var dúx Menntaskólans í Reykjavík í vor og hlaut fimmtán mismunandi verðlaun fyrir frammistöðu sína á stúdentsprófi. Hún stundar framhaldsnám í píanóleik í Nýja tónlistarskólanum en hefur einnig lært á þverflautu auk þess sem hún hefur stundað ýmsar íþróttagreinar. Birta var í Ólympíuliði Íslands í efnafræði fyrra. Hún hyggur á nám í læknisfræði á hausti komanda.

Bjarni Örn Kristinsson brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hlaut m.a. verðlaun fyrir bestan árangur í efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði. Hann dvaldi sem skiptinemi í Japan á menntaskólaárum sínum og hefur auk þess lagt stund á frjálsar íþróttir í sex ár og á að baki Íslandsmeistararitla á þeim vettvangi. Bjarni hyggst leggja stund á vélaverkfræði og eðlisfræði í haust.

Fjóla Kristín B. Blandon lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð um síðustu áramót og hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í félagsfræðigreinum og í spænsku. Hún hefur ferðast um Suður-Ameríku að undanförunu og hyggur á nám í sálfræði í haust.

Gísli Þór Þórðarson var semídúx við brautskráningu frá Verzlunarskóla Íslands í vor. Hann tók þátt í Gettu betur fyrir hönd skólans síðustu tvö ár ásamt því að sitja í ritstjórn Verzlunarskólablaðsins í vetur og í stjórn Málfundafélags skólans í fyrravetur. Þá æfir Gísli golf með meistaraflokki Golfklúbbs Reykjavíkur og hefur náð góðum árangri þar. Gísli hyggur á nám í stærðfræði í haust.

Guðrún Valdís Jónsdóttir brautskráðist frá Fjölbrautskóla Vesturlands á Akranesi um síðustu áramót. Hún var dúx skólans og hlaut m.a. viðurkenningar fyrir árangur í íslensku og sögu, íþróttum, raungreinum og erlendum tungumálum. Guðrún á að baki tíu ára píanónám við Tónlistarskóla Akraness og hefur lokið miðstigsprófi. Auk þess hefur hún æft knattspyrnu í átta ár og er markmaður í meistaraflokki kvenna hjá ÍA ásamt því að hafa æft og spilað með yngri landsliðum Íslands í íþróttinni. Guðrún hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Guðrún Svanhvít S. Michelsen lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Egilsstöðum í vor eftir þriggja ára nám og var dúx skólans. Hún er 19 ára gömul og starfaði sem varaformaður og ritari Nemendafélags Menntaskólans á Egilsstöðum í einn vetur. Guðrún stefnir á nám í lyfjafræði í haust.

Guðrún Þóra Sigurðardóttir var stúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 2012 eftir þriggja ára nám og var þá dúx skólans. Hún sótti Hússtjórnarskólann í Reykjavík í fyrrahaust og útskrifaðist þaðan um áramót. Guðrún lék lengi körfuknattleik með Haukum í Hafnarfirði. Hún hyggst leggja stund á stærðfræði í haust.

Halla Björg Sigurbórsdóttir var semídúx Menntaskólans við Hamrahlíð í vor ásamt því að vera sá stúdent sem lauk flestum einingum. Hún hlaut heiðursverðlaun í stærðfræði og eðlisfræði auk verðlauna í spænsku. Halla stundaði ballet í sjö ár og listhlaup á skautum í jafnlangan tíma og æfir nú samhæfðan skautadans hjá Skautafélagi Reykjavíkur ásamt því að þjálfa yngri iðkendur. Halla hefur enn fremur lært á þverflautu í yfir tíu ár og er félagi í Lúðrasveit Reykjavíkur. Hún hefur einnig verið virk í leiklist. Halla hyggur á nám í eðlisfræði í haust.

Hildur Þóra Ólafsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hún er bæði í Ólympíuliði Íslands í eðlisfræði og efnafræði og tekur þátt í Ólympíumótum í báðum greinum í sumar. Hildur hefur lagt stund á píanó- og klarinettunám í fjölmörg ár ásamt því að æfa ýmsar íþróttir. Hildur er höfundur bókarinnar Kátínu sem kom út á fjórum tungumálum haustið 2010 á vegum Æskunnar. Hildur hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Ingvar Hjartarson var dúx Kvennaskólans í Reykjavík við brautskráningu í vor og lauk þar 209 einingum. Hann er á nítjándra ári og tók námið á þremur árum. Ingvar er í Ólympíuliði Íslands í efnafræði sem keppir ytra í sumar. Hann er jafnframt í landsliði Íslands í frjálsum íþróttum enda margfaldur Íslandsmeistari og Reykjavíkurmeistari í millivegalengdum. Ingvar hyggur á nám í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Jón Ágúst Stefánsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann hefur undanfarin tvö ár verið í Ólympíuliði Íslands í efnafræði og keppir með liðinu á Ólympíuleikunum í Moskvu í sumar. Jón Ágúst æfði karate í ellefu ár með Breiðabliki og náði svarta beltinu á þeim vettvangi. Þá á hann að baki tólf ára nám í píanóleik og hefur lokið burtfararprófi. Jón Ágúst stefnir á nám í læknisfræði í haust.

Jón Áskell Þorbjarnarson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor þar sem hann hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði og sagnfræði. Hann var afar virkur í félagsstarfi í MR og var auk þess í sigurliði skólans í Gettu betur í fyrra. Jón Áskell á að baki sjö ára píanónám auk þess að hafa keppt á skíðum, í skyllmingum og badminton. Hann hyggur á nám í stærðfræði í haust.

Pála Margrét Gunnarsdóttir var dúx Framhaldsskólans á Laugum í vor en hún lauk námi á tveimur og hálfu ári. Hún hlaut viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í fjölmörgum greinum. Pála lauk stúdentsprófi um síðustu áramót og stundaði nám við Hússtjórnarskólann í Reykjavík á vorönn. Þá hefur hún tekið þátt í barnastarfi þjóðkirkjunnar. Pála stefnir á nám í uppeldis- og menntunarfræði í haust.

Pétur Rafn Bryde lauk stúdentsprófi frá Borgarholtsskóla um síðustu áramót og var þá dúx skólans. Hlaut hann viðurkenningar í fjölmörgum námsgreinum. Pétur hefur verið í Ólympíuliði Íslands í eðlisfræði undanfarin tvö ár og fer með liðinu utan í sumar til þátttöku á Ólympíuleikunum í Danmörku. Pétur hefur stundað sjálfsvarnaríþróttir frá sex ára aldri og er með svarta beltið í bæði karate og taekwondo. Hann hefur átt sæti í landsliðum í báðum greinum. Pétur hyggur á nám í eðlisfræði í haust.

Sigurður Ragnarsson brautskráðist frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu í fyrravor og var þá dúx skólans. Hann hefur jafnframt lokið fjallamennskunámi frá sama skóla og vinnur í sumar sem jöklaleiðsögumaður hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Hann á að baki knattspyrnuferil með Ungmennafélaginu Sindra og þá fór hann sem fulltrúi Íslands á Ólympíuleika þýskunnar í fyrra. Sigurður hyggst leggja stund á jarðeðlisfræði í haust.

Unnur Bjarnadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut viðurkenningar fyrir lofsverðan árangur m.a. í ensku, þýsku og grísku. Hún er á nítjándá aldursári. Unnur hefur lokið miðstigsprófi í fiðluleik og píanóleik og grunnstigsprófi í söng. Unnur brautskráðist af fornmálabraut I og hyggst halda áfram að huga að hinum klassísku fræðum því hún hyggur á nám í latínu sem aðalgrein í haust.